

Fundur stjórnar TSÍ 30. September 2010

kl. 12:00 í Laugardalnum

Mætt: Raket, Gunnar, Helgi, Ingólfur og Þrándur

1. Fundur vegna Ólympískra sumarleika 2011 og 2012

Fundur verður hjá Afrekssviði ÍSÍ vegna þriggja Ólympískra verkefna 2011 og 2012. Um er að ræða Smáþjóðaleika í Liechtenstein 2011, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon sumarið 2011 og Ólympíuleika í London 2012. Fundurinn fer fram miðvikudaginn 6. október n.k. og Helgi mun mæta fyrir hönd TSÍ.

2. Áframhaldandi viðræður við ASICS

Asics menn eru mjög áhugasamir um samstarf við TSÍ. Boltinn er hjá okkur. Asics hafa nefnt landsliðsbúninga og jafnvel styrk til eins tennisspilara. Spurning hvað við getum boðið? Rætt um möguleika: auglýsing á vefsíðunni, mótaröðin, styrkleikalistinn, frétt til fjölmiðla o.fl. Gunnar tekur saman hugmyndir og sendir á Asics í samvinnu við Raket.

3. Staðan á Tennishöll í Reykjavík

Raket var búin að kanna hver staðan væri á Tennishöll í Reykjavík. Raket ræddi við Sigfús Ægi Árnason framkvæmdastjóra TBR. Hann upplýsti að það hefði verið samþykkt í borgarráði árið 2006 eða 2007 að TBR gerði samning við borgina til 25 ára. Var svo frestað eftir hrun. Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR er lykilmáður. Rætt um ódýrt hús sem gæti jafnvel farið í gang á undan öðrum dýrari verkefnum. Helgi og Raket ræða við Ómar.

4. Lógó TSÍ

Helgi ræðir við grafískan hönnuð um að gera breytingar eða jafnvel nýtt lógó.

5. CV frá erlendum þjálfurum

Borist hafa CV frá tveimur erlendum þjálfurum sem virðast vera nokkuð öflugir. Litlir sjóðir eru til að fá slíka þjálfar til lengri tíma, en Raket sendir þakkarbréf.

6. Ólympíuleikar æskunnar 2009

Samkomulag hefur náðst vegna þátttöku TSÍ í kostnaði vegna Ólympíuleika æskunnar 2009 við viðeigandi aðila. Samþykkt var að leikmenn greiddu 50.000 kr/mann og TSÍ myndi styrkja afganginn af reikningi frá ÍSÍ sem hljóðaði upp á 264.000 kr.

7. Fjárhagsáætlun 2011

Ákveðið að byrja sem fyrst. Raket gerir uppkast og Ingólfur sendir tekjuupplýsingar.

8. Árshátíð TSÍ 2010

Árshátíð TSÍ verður í umsjón Þróttar með 100.000 króna styrk frá TSÍ. Styrkurinn frá TSÍ er ekki hugsaður sem laun heldur eingöngu til að mæta kostnaðarliðum vegna árshátíðarinnar. Rætt var um að reyna að virkja Jón Axel í þeirri vinnu og athuga hvort hann gæti verið fánlegur í hlutverk veislustjóra.

9. Mótahald

Rætt um hvernig hægt væri að bæta og samræma mótahald. Rakel hefur tekið saman nokkra punkta sem mótanefnd tekur og vinnur frekar. Þrándur var búinn að kanna gagnagrunnsforritið tournamentsoftware.com og upplýsti stjórn að startkostnaður sé 200 evrur og 70 evrur sé árlegur kostnaður við að nota kerfið. Stjórnin lýsti yfir áhuga á að hafa mótstjóranámskeið fljótlega og að taka þetta kerfi í notkun. Mótanefnd mun vinna áfram með þetta.

Fundi slitið.